



Borgarráð

***Bankastræti 0 - viðauki við leigusamning***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka við leigusamning um Bankastræti 0 við Prikið ehf. fyrir „retro“ safn vegna leiktækja.

*Greinagerð:* Reykjavíkurborg á húsnæði neðst í Bankastræti, sem áður voru snyrtingar kvenna og karla en þær voru lagðar niður árið 2007. Rýmin eru neðanjarðar en ekki samtengd. Prikið ehf. fékk þau á leigu árið 2016 til að reka pönkminjasafn, sem er í fyrrum snyrtingum kvenna en hefur áhuga á að auka við starfsemina þannig að til viðbótar verði rekið „retro“ safn fyrir; spilakassa, ET og Star Wars leikföng o.s.frv. í snyrtingum karla. Ekki verði gert ráð fyrir að selt verði í spilakassa sérstaklega. Uppsagnarfrestur á leigusamningi er lengdur.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Erindi Priksins, ódagsett.

Viðauki I við leigusamning við Prikið drög 8. janúar 2018.

Leigusamningur við Prikið dags. 24. ágúst 2016.

Góðan daginn,

Í dag er ég með bæði rímin á leigu á Núllinu, KK og KVK og hef verið að standa í úrbótum KK megin enda var það vægast sagt rosalegt þegar ég tók við.

Nú hef ég eftir smá baráttu við kerfið náð að koma í gegn og fá samþykkt hjá Byggingafultrúa að sýningasalur verði líka KK á Núllinu. Til hamingju með það þið líka. :)

Ég er búinn að laga loftræstingu, pípulagnir, rafmagn, mála, færa klósett og vaska og annað sem Byggingafultrúi fór fram á til að koma því í stand til að geta fengið þetta samþykkt.

Ég hef lagt út mikla peninga bæði auðvitað vegna Pönksafnsins og líka núna vegna teikninga og framkvæmda á húsnæðinu og við að koma þessu í gegnum kerfið.

Núverandi samningur minn við RVK Borg er ótímabundinn og það hræðir mig þegar ég er að fara svona "all in" í þetta húsnæði hjá ykkur og gera að skemmtilegt.

Ég óska hér með eftir:

Að fá fastan leigusamning til minnst 6 ára, eða viðauka við núverandi samning, með 24 mánaðar uppsagnarfresti og ótímabundinn eftir það.

Einungis væri hægt að rifta samning ef það tengist beint skipulagsmálum eða viðgerðum á þessum hluta Bankastrætisins eða auðvitað vanefndum á núverandi samning. Leigusamningur á húsnæðinu héldi svo áfram ef sambærilegt eining verður þarna áfram og leigð út á vegum RVK borgar.

KK megin:

Freddi, sem er retro spilataekjasalur ofl sem ég á og er á Ingólfsstræti og mundi færast niður á Núllið karla megin. Það mun vera erfitt að réttlæta að reka hann áfram í sömu mynd mikið lengur þó svo það sé rosalega skemmtilegt og gamall draumur sem ég lét verða að veruleika.

Honum yrði þá breytt meira í safn þar sem fólk borgar sig bara inn eins og á Pönksafninu og fólk getur farið niður og skoðað gömul leikföng eins og ET og Star Wars osfv og svo spilað í öllum gömlu kössunum og verið eins lengi og það vill.

Bæði Pönksafnið og Freddi eru búin að vera í fjölmiðlum útum allan heim og eru svona "must see" í RVK á flestum miðlum sem hafa fjallað um þá og setur skemmtilegan lit á bæinn.

Skemmtilega við þessa þælingu er að bæði pönkið og þessir arcade salir voru vinsælir á umþb sama tíma og smellpassar þessi concept saman og hjálpa hvor öðru.

Væri mjög flott þarna niðri. ☺



Vona að þið takið vel í að tryggja mig betur á þessu svæði miðað við það sem ég er búinn að gera til að blása lífi í þessi klósett og er tilbúinn að gera áfram til að gera þetta svæði en skemmtilegra.

Takk takk

kv.Finni

6988698

#

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar – eignsjóðs kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík í samningi þessum nefndur leigusali, og Prikið ehf. kt. 711003-2070, Bankastræti 12, 101 Reykjavík í samningi þessum nefnt leigutaki, gera með sér svohljóðandi:

## **Viðauka I vegna leigu á Bankastræti 0, 101 Reykjavík.**

### **1.gr. Gildisvið**

Ákvæði leigusamnings aðila frá 24. ágúst 2016 milli aðila gildir í öllum atriðum að öðru leyti en því sem kemur fram í þessum viðbótarsamningi.

### **2.gr. Leigutími**

*Grein 2. í leigusamningi aðila breytist og verður eftirfarandi.*

Leigutímabilið hefst hinn 1. janúar 2017. Samningur þessi er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 24 mánuðir. Leigusali getur þó ekki sagt upp leigusamningi fyrr en í fyrsta lagi eftir 1. janúar 2022 nema vegna skipulagsmála eða framkvæmda á svæðinu. Ef gert verði ráð fyrir að sambærileg starfsemi verði áfram eftir breytingar eða framkvæmda á svæðinu hefur leigutaki forleigurétt að framkvæmdum loknum.

### **3.gr. Afnót leigutaka**

*Við grein 8. í leigusamningi aðila bætist við eftirfarandi málsgrein.*

Leigutaka er heimilt að nýta aðstöðu þar sem áður var salerni karla fyrir safn. Gert er ráð fyrir að þarna verði retro safn fyrir spilakassa, ET og Star Wars leikföng osfv. Ekki verði gert ráð fyrir að selt verði í spilakassa sérstaklega.

Reykjavík 8. janúar 2018.

F.h. leigusala

F.h. leigutaka

---

---

Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs

Vottar að réttri undirritun, dagsetningu og fjárræði:

R/6050229  
640

# HÚSALEIGUSAMNINGUR

FASTANÚMER 200-4305

Undirritaðir gera með sér samning um leigu á atvinnuhúsnæði í Bankastræti 0, 101 Reykjavík, þar sem ráðgerð er aðstaða fyrir listsýningar og/eða skylda starfsemi.

## Samningsaðilar:

**Leigusali:** Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborg - eignasjóður kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

**Leigutaki:** Prikið ehf kt. 711003-2070, Bankastræti 12, 101 Reykjavík.  
Guðfinnur Sölvi Karlsson gsm: 6988698 mail: prikid@prikid.is

### 1. gr.

#### Hið leigða

Hið leigða er atvinnuhúsnæði þar sem áður var snyrtingar kvenna í Bankastræti. Nánar tiltekið er um að ræða 37,5 fm rými neðanjarðar í Bankastræti 0 sem er samþykkt sýningarrými; fastanúmer 200-4305, hluti 01 0001. Auk þess fylgir rými sem áður voru snyrtingar karla í Bankastræti. Nánar tiltekið er um að ræða 32,0 fm rými neðanjarðar í Bankastræti 0, samþykkt sem snyrtingar, fastanúmer 200-4305, hluti 02 0001.

### 2. gr.

#### Leigutími

Leigutímabilið hefst hinn 1.janúar 2017 en leigutaki fær húsnæðið strax til að undirbúa rekstur. Samningur þessi er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru tólf mánuðir.

### 3. gr.

#### Leigukjör

Húsaleiga skal vera kr. 100.000,- hundraðþúsund 00/100- á mánuði miðað við verðlag 1. sept 2016 og greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar. Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir. Húsaleigu skal greiða samkvæmt útsendum greiðsluseðlum fjárreiðudeildar Reykjavíkurborgar og fylgja reglum deildarinnar um eindaga og vexti.

Húsaleigan miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er þann 1. sept 2016 (434,9 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

### 4. gr.

#### Ástand hins leigða og umgengni.

Leigutaki hefur kynnt sér ástand hins leigða húsnæðis og tekur við því í því ástandi sem það er við upphaf leigutímans.

Leigutaka eru heimil afnot húsnæðisins til sýningarhalds og er jafnframt heimilt að innrétta það á sinn kostnað fyrir þá starfsemi sem fram fer. Allar innréttingar og breytingar á húsnæðinu eða búnaði þess af hálfu leigutaka skulu vera með leyfi leigusala og á kostnað

LSL

ØH

leigutaka. Leigusali mun ekki fara í breytingar á húsnæðinu nema í fullu samráði við leigutaka og tryggt skal að gæði starfsemi leigutaka hvorki skaðist né rýrist við það. Allar breytingar skulu gerðar í samráði og með samþykki Borgarsögusafn Reykjavíkur og Minjastofnun Íslands.

Leigutaka ber að haga starfsemi sinni þannig að uppfyllt verði skilyrði opinberra reglna og fyrirmæla s.s. er varðandi eldvarnir, heilbrigðis-, rafmagns- og byggingaefirlit.

Leigutaka er skylt að fara í hvívetna með hið leigða á þann hátt sem samræmist góðum og viðteknum venjum um umgengni, hreinlæti og hollustuhætti. Að leigutíma loknum ber leigutaka að skila hinu leigða aftur í ástandi sem ekki er síðra en það var afhent fullbúið við upphaf leigutímans, fyrir utan slit sem leiðir af venjulegri notkun.

Leigutaka ber að tryggja að fremsta megni að ekki sé umgangur gesta og gangandi utan lokunartíma um tröppur að hinum leigðu rýmum. Auk þess skal leigutaki sjá um þrif á umræddum tröppum.

#### **5. gr.**

##### **Greiðsla rekstrarkostnaðar**

Leigutaki greiðir allan rekstrarkostnað hins leigða húsnæðis, svo sem vegna notkunar vatns og fráveitu, rafmagns, hitaveitu, ræstinga og öryggisgæslu.

#### **6. gr.**

##### **Viðhald**

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess. Leigutaki annast á sinn kostnað viðhald hins leigða innanhúss meðan leigutíminn varir.

Leigusali sér um og lætur framkvæma allt annað viðhald.

Leigutaki skal bæta leigusala tjón sem hið leigða húsnæði kann að verða fyrir á leigutímanum af hans völdum eða fólks á hans vegum. Starfsmenn leigusala hafa heimild til að ganga um hið leigða með hæfilegum fyrirvara til eftirlits eða til þess að framkvæma úrbætur.

#### **7. gr.**

##### **Tryggingar og ábyrgð**

Leigutaki annast allar tryggingar á eignum sínum í leiguhúsnæðinu.

Leigusali ber ekki ábyrgð á tjóni er kann að verða á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði vegna óhappa svo sem vatnstjóns, elds, reyks og þess háttar nema því aðeins að leigusali, eða þeim sem hann ber ábyrgð á, verði um kennt. Leigutaka ber að fara varlega með eld í húsinu og hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum er hann hefur og notar í húsinu.

#### **8. gr.**

##### **Afnot leigutaka**

Hið leigða er leigt til sýninga og menningarstarfsemi og er leigutakar óheimilt, án skriflegs samþykkis leigusala, að hafa annan óskyldan rekstur í húsnæðinu nema með samþykki leigusala. Leigutaki hyggst setja upp safnasýningunna „Rokk í Reykjavík“ sem er sagan frá upphafi pönkbylgjunnar til tónlistar dagsins í dag.

Hugmynd leigutaka um markmið og lýsingu á fyrirhuguðu safni sem er fylgiskjal 1 með samningi skoðast sem hluti samnings enda er samningur byggður á þeim hugmyndum sem þar koma fram.

**9. gr.  
Framleiga**

Leigutaka er óheimilt að framleigja hið leigða að hluta eða í heild nema til starfsemi í samræmi við þá notkun sem tilgreind er í upphafi þessa samnings og í 8. grein.

**10. gr.  
Riftun**

Gangi leigutaki illa um hið leigða, eða hagnýtir húsnæðið gegn ákvæðum samnings þessa eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum, er leigusala heimilt að rifta leigusamningi þessum. Á sama hátt er leigutaka heimil riftun, ef leigusali brýtur verulega gegn skyldum sínum samkvæmt samningi þessum. Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar.

**11. gr.  
Sérákvæði**

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigutaki og leigusali þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.

Leigutaki ábyrgist að fyrirhuguð starfsemi í hinu leigða húsnæði sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.



F.h. leigusala

Reykjavík 24. ágúst 2016

F.h. leigutaka

Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs

Vottur að rétti dagsetningu og undirskrift aðila.

# BANKASTRÆTI 0

TRÚNABARMÁL

Á NÆSTU SÍÐUM ERU KYNNTAR HUGMYNDIR  
FRÁ ENGANDA ÞRUKSINS EHF. ÞESSAR  
HUGMYNDIR SMÍÐA AÐ BANKASTRÆTI 0



WILLIE ER YFIRGEFIB  
ALMENNNESSALERNÍ Í HJARTA  
MÍÐBORGARINNAR.

TAKYSTÆRI TIL AÐ HEIÐRA ÁKVEÐINN  
HLUTA AF MEJNINGU OG SÖGU  
REYKJAVÍKURBORGAR.

## BYRJUM Á BYRJUNINNÍ ...

Á SEINNI HLUTA ÁTTUNDA ÁRATUGARINS FÖR NY  
NEÐANJARHARTÖNLISTARSENA AÐ GERA VART VIÐ  
SIG Í KJÖLLURUM BORGARINNAR. ÞUNNIB.

UNGT OG ÖFVELÐAÐ FÖLK AÐ FREMJA GJÖRNINGA OG  
TULKA SÍNA UPPLIFUN Á TÍÐARANDANUM.

ÚR ÞESSARI SENU SPRUTTU ABILAR SEM ÁTTU  
EFTIR AÐ ÖREYTA ASYND ÍSLENSKRAH TÖNLISTAR  
TIL FRAMBÚÐAR. JAFNT HÉRLENDIS SEM ERLENDIS.

OFT ER RÆTT UM ÞETTA SEM "ROKK Í REYKJAVÍK"  
SENUA. ER ÞAR VISAÐ Í SAMNEFND  
HEIMILDAMYND SEM FRÍÐRIK ÞÓR GERBI ÁRÍÐ 1982.

ÞETTA VAR MYND SEM FJALLABÍ UM UNGT FÖLK Í  
REYKJAVÍKURBORG. HUN HLAUT VERBSKULDABA  
ATHYGLI OG KYNNTI AFAR ANUGAVERÐAR PERSÓNUH  
TIL LEIKS.

FÖLK SEM ÁTTI ÞAÐ SAMEIGNILEGT AÐ FÁ ÚTRÁS Í  
GEGNUM TÖNLISTARSKÖPUM SEM SAMRÆMIÐIST EKKI  
"NORMINU". ÞÓ SVÖ AÐ SÍÐAR ÁTTI HUN ENNITT  
EFTIR AÐ VERBA AÐ "NORMINU".

ÞAÐ SEM HAFDI FRAM TIL ÞESSA VERIB NEÐANJARBAR.  
ÖX HRATT Í VINSÆLDUM OG MA TIL SANNS VEGAR FÆRA  
AÐ SÚ TÖNLIST SEM ÍSLENDINGAR ERU AÐKENNDIR A  
ERLENDIS EIGI SER RÆTUR Í ÞESSARI SENU.

MEÐ ÖÐRUM ÖÐRUM ÞÁ RUÐU ROKK Í REYKJAVÍK  
KYNSLOGIN DRÁUTNA OG ÖPNAB DÝRNAR FYRIR  
KOMANDI KYNSLOGBIR ÍSLENSKRA TÖNLISTARMAHNA.

FYRSTA ÍSLENSKA HLJÓMSVEITIN SEM SLÓ Í GEGN Á  
AL-JÓBAVETTVAHI VAR SAMSETT AF FYRIRVERANDI  
MEÐLUM LAPPÁ TIKABASS, HEYS, ÞURKS PILNEK OG  
FLEIRI SVEITA ÚR "ROKK Í REYKJAVÍK" SENUNNI. HÉR ER  
AÐ SJÁLFSÖGÐU VERIB AÐ TALA UM SYKURMOLANA.

CLZ

10/11

SYKURMÓJARNIÐ BRUTU ÍSNIN OG ÖPNUBU LEIBINA Á  
STÆRRI MARKABI FYRIR ÍSLENSKA LISTAMENN.  
ÍSLENSKUR TÓNLISTARUTFLUTNINGUR FÖR A FLUG.

ÍSLENSK TÓNLIST HEFUR VERIÐ ÖMETANLEG KYNNING Á LANDI  
OG ÞJÓÐ OG HEFUR JAFNFRAMT VERIÐ ÖRJUG TEKJULIND.  
FJÓLMARGIR LISTAMENN STANDA AÐ BAKI ÞESSARI ÞROUN OG  
ÞA BER AÐ HEIÐRA.

SAGAN FRÁ UPPHAFI PÖNKBYLGJUNNAR TIL TÓNLISTAR  
DAGSINS Í DAG ER AFAR AHUGAVEÐ. EKKI BARA FYRIR  
OKKUR ÍSLENDINGA, HELDUR EINNIG FYRIR ALLA ÞÁ SEM  
SÆKJA OKKUR HEIM.

AD SJÁLFSÓGU Á AÐ VERA TIL SAFN SEM SEGIR  
OG VARÐVETTIR ÞESSA SÖGU ...  
... SEM FÆRIR OKKUR AFTUR AÐ "NÖLLINU",  
BANKASTRÆTTI O.

EF SAGAN AF ÍSLENSKA PÖNKINU OG ARFLÉIÐ  
ÞESS ER EKKI SÖGU A YFIRGETTU  
ALMENNINGSALERNI NEÐANJARBAR Í HJARTA  
REYKJAVÍKUR ...  
HVAR Á ÞÁ AÐ SEGJA HANA?

ÞETTA YRDI ÖVENJULEGT SAFN / SAMKOMUHÚS SEM  
SAMANSTÆÐI AF MÖNUM OG MYNDUM SEM SEGU  
SÖGUNA. SAFNIÐ MYNDI AÐ SJÁLFSÖGU HEITA:  
"ROKK Í REYKJAVÍK"



## SAFN / SAMKOMUSTAÐUR

Skemmtileg memorabilia úr pönk- og rokksenu borgarinnar.  
Áhugaverð framséining á áhugaverðum stað.  
Fáin perla í hjarta miðborgarinnar.  
Must-see staður fyrir forðmenn.  
Skemmtilegur vettvangur fyrir meet & greet upplömunu, t.d. á ísland  
Ánæmis.

## TÍMABILÍÐ -1977 TIL +2015

Blenda af þrjú markverðasta úr íslensku pönk- og rokksmennti allt  
ítr áttunda áratugnum og fram til dagsins í dag.

Þarna verður ekki eitt við Brúarkló og Ró Tré.  
Kúki, PEYR, Úngarðsmenn, O4U, Tappi Tíkarass, EGO, Megal,  
Frættiblaði, Bubbi Morthens, Sýkumótarnir, SH Draumur,  
Rísaðan, Dýnd gengur laust, HAM, Sonnicide, Sigur Rós, Björk,  
Sónuski, Jón Black Joe, Quersail, Reykjavík, Minus,  
Gríslappallur, Of Monsters And Men, Sing Fang, Tilbury, Agent,  
Fresco og allir hinir listamennirnir ...

## UPPLEGG

Nýta rýmið sem er. Ekkí umræða öllu. Öppna þér sem hægri er að öppna, en  
viðhalta samt þeim stöðvöngu að þetta var eini sinni almenningssafni.  
Frakkvæðing verksins verður í fullu samræði við Minjavernd og  
Reykjavíkurborg. Kappkostnað verður að viðhalda núverandi innviðum.

Lækjarbrökkumegin. Safnið sjálf og innangangur.  
Stjórnarðæðingin. Luger og starfsmannastíðindi.  
Blenda af myndum, myndum, töndumum, plötuslúbúnum og  
kleðnaði.

Draga að borðinu fræðimenn og sálfræðipólkara á borð við Dr. Gunnar,  
Einar Örn Benediktsson, Anna Machlissson, Steinar Berg, Amar Eggert,  
Thoraxson og hest sem gæta hjálpað til við að tryggja að þetta verði ekkí.

## UMSÆKJANDI

Umsækjandi er Guðfríður Sólva Karlsson sem er er jafnframt eigandi  
Píkisins, leikakassalínns Fræðda, hest nýppaða samkomustaði/  
brugghússa Áegisgarða sem er úti á Granda, Reykjavík, Rent og  
þess klaga sem tengjað miðborg Reykjavíkur.

Vikur meðlimur í pönkirökk senu borgarinnar síðastliðin 25 árin.



2. 2. 2.

2. 2. 2.



EGO



ÚTANGARÐSMENN



ÖSKULÍSURNAR



BARAFLOKKURINN



GRÝLURAR



ÞUÐUÐUÐU PÍLNUK



ÖVU



ÖNDRAGUÐ



SKRIMULARNIR



RAM



SH DRAUMUR

Handwritten signature or mark.

Handwritten signature or mark.



WSN  
COH



... OG ALLIR HINIR TÖNLISTARMENNINNIR

VINSAMLEGA HAFIÐ SAMBAND VIÐ GUÐFINN SÖLVA  
 (INNNA) Í SIMA 659-0650 / ~~PRÍÐIÐ~~PRÍÐIÐS FYRIR  
 FREKARI UPPLÝSINGAR.

TAKK FYRIR

652

110